

Skýrsla æskulýðsnefndar

Hestamannafélagsins Faxa 2009

Æskulýðsstarf Faxa var með miklum blóma árið 2009.

Starfið hófst 17. desember 2008 en þá héldum við spilakvöld, skráðum á námskeið vetrarins og áttum gott spjall með börnum og foreldrum þeirra. Margar góðar hugmyndir komu fram um starfið sem flestar tókst að framkvæma á árinu, svo sem að fá Sigga Sig. til okkar, sameiginleg árshátíð barna og unglunga á Vesturlandi, Grímutölt, Náttfatatölt og fjáröflunarbingó.

Siggi Sig. kom til okkar í febrúar og fjallaði hann um skynjun og hegðun hesta og einnig gangtegundir. Hefði mátt heyra saumnál detta í salnum sem var þéttskipaður af krökkum á öllum aldri. Þetta var frábært kvöld þar sem allir skemmtu sér hið besta.

Æskulýðsdeild Faxa sendi bréf til æskulýðsnefnda hestamannafélaganna á Vesturlandi í október og stakk uppá að haldin yrði sameiginleg árshátíð barna- og unglunga á Vesturlandi í febrúar. Eftir nokkur skoðanaskipti og einn sameiginlegan fund, fékkst niðurstaða í málið og árshátíðin var svo haldin í Félagsheimili Skugga 21. mars. Þarna komu saman börn frá Faxa, Skugga, Dreyra og Snæfellingi. Við borðuðum saman, hvert félag kom með eitt skemmtiatriði og síðast en ekki síst skemmtu sér allir kongunglega í svokölluðum leikjadönsum sem Hugrún Björt Hermannsdóttir frá Faxa stjórnaði af mikilli röggsemi. Þetta verður svo örugglega endurtekið að ári, sennilegt að Dreyrafélagar sjái um árshátína á næsta ári.

Grímutölt var haldið í reiðhöllinni á Mið-Fossum 14. apríl og er þetta mót að verða hefð, en í fyrsta skipti sem æskulýðsnefndin stendur fyrir mótinu. Þarna var greinilega mikið lagt á sig að hanna búninga sem voru margir hverjir stórglæsilegir, Ólöf Rún Sigurðardóttir fékk verðlaun fyrir besta búninginn, folatoll undir Listfinn frá Skáney. Þess má geta að á þessu móti svo og í Náttfatatöltinu er keppt í 3 barnaflokkum, teymingarflokk, pollaflokk og barnaflokk.

Æskulýðsdeild stóð svo fyrir Náttfatatölti í Reiðhöllinni 24. maí. Mótið var í svipuðum dúr og Grímutölt, markmiðið að allir geti verið með, bæði börn og fullorðnir og gleðilegt að sjá alla fjölskyldumeðlimi taka þátt og allir eru sigurvegarar.

Í lok maí vorum við með fjáröflunarbingó í Félagsheimilinu Brún í Bæjarsveit, margt glæsilegra vinninga var í boði svo sem beisli, pizzuveislur og nokkrir folatollar, m.a undir Al frá Lundum. Þarna var glatt á hjalla og vöffluilminn lagði um allt húsið og hamingjusamir krakkar borðuðu vöfflur með bestu lyst að loknu velheppnuðu bingókvöldi.

Námskeiðin okkar

Námskeiðin voru eins og fyrri ár vel sótt. Aðalkennari hjá okkur eins og fyrri ár var Oddrún Ýr Sigurðardóttir. Knapamerkjánámskeiðin eru vinsæl og héldu áfram. 8 krakkar voru í knapamerki 3 í vetur, en 5 krakkar voru í knapamerki 1 og 2 í vetur. Þau tóku öll próf í vor og stóðust öll.

Einnig vorum við með almenn reiðnámskeið fyrir börn og unglinga, tvö svoleiðis námskeið voru í vetur, sex vikur hvort, einu sinni í viku.

Fyrir gæðingamótið og úrtökuna fyrir Fjórðungsmót fengum við Heiðu Dís Fjeldsted til að vera með einkatíma fyrir þá sem vildu.

Margir krakkar nýttu sér þetta.

Við auglýstum stubbanámskeið í byrjun júní en því miður voru einungis 2 börn sem skráðu sig þannig að þurfti að aflýsa.

Mót

Börnin og unglingarnir hjá okkur eru mjög dugleg að keppa og eru jafnan margar skráningar í barnaflokkunum á mótunum hjá okkur, en félagið var á þessu ári með 4 vetrarmót, íþróttamót, gæðingamót og síðan er hin árlega Faxagleði haldin helgina eftir verslunarmannahelgi en þá er firmakeppnin okkar og þar nýtur æskan sín í botn og allir sem vettlingi geta valdið eru með. Allir pollar fá verðlaunapening eins og á öllum mótunum hjá Faxe.

Á Fjórðungsmóttinu á Kaldármelum í sumar var svo nokkurskonar uppkeruhátíð hjá Faxakrökkunum, Faxakrakkar voru í 1. sæti bæði í barna og unglingsflokkum og allir krakkarnir frá Faxa voru í úrslitum.

Og ýmislegt fleira skemmtilegt...

3 stúlkur úr félaginu fóru til Hestamannafélagsins Faxa í Noregi, gistu hjá fjölskyldum þar, stunduðu útreiðar og fóru á námskeið.

Þarna erum við búin að eignast vinafélag í öðru landi sem okkur finnst mjög skemmtilegt.

Mikil þátttaka er jafnan í viðburðum hjá Æskulýðsdeildinni og má segja að um 30-40 börn séu virk í starfinu. Við erum afar ánægð með það ekki í stærra félagi.

Við teljum að Æskulýðsstarfið sé afar mikilvægt fyrir framtíð félagsins og okkar trú að þeir krakkar sem taka þátt í starfinu með einum eða öðrum hætti eigi eftir að starfa ötullega fyrir og í félaginu á næstu áratugum en er það ekki einmitt það sem oftast vantar í þessu hraðþjóf félagi sem við búum við í dag, að fá fólk til að vinna verkin.

Elísabet Axelsdóttir
Rósa Emilsdóttir